

# un peu plus

Teikningar og skissur Helgu Björnsson tískuhönnuðar  
(6. 2. - 31.5. 2015)



Ný sýning í Hönnunarsafni Íslands, *Un peu plus* sýnir einn mikilvægasta þáttinn í sköpunarferlinum; þegar hugmynd er fest á blað. Heiti sýningarinnar, *Un peu plus* fannst á litlu minnisblaði sem leyndist í stóru teikningasafni Helgu. Á blaðinu voru skrifuð tólf stikkorð á frönsku. Það var greinilegt að hún hafði valið orðin í þeim tilgangi að skerpa stefnuna fyrir næsta áhlaup í vinnu sinni sem tískuhönnuður í einu af hátískuhúsi Parísarborgar, Louis Féraud.

*Un peu plus*, gætum við þýtt með orðunum *adéins meira*. En tískuhönnuður sem starfar við hátískuna, leitast ávallt við að ganga skrefinu lengra. Hann ögrar sjálfum sér til að kanna nýjar leiðir. Sjálf tileinkaði Helga sér ákveðið fyrirheit þegar hún hófst handa við að skapa. Franska setningin *il faut se surpasser pour s'atteindre* hefur ávallt verið leiðarvísir hennar. Merkingin er nokkurn veginn sú að þú þurfir að sleppa fram af þér beislinu viljir þú ná þínu takmarki.



Helga Björnsson lærði myndlist og hönnun við Les Arts Décoratifs í París. Að loknu námi komst hún að í tískuhúsi Louis Féraud. Hún starfaði við hlið Louis Féraud, við hátískuna á 8., 9. og 10. áratug síðustu aldar, lengst af sem aðalhönnuður. Sá heimur sem Helga tilheyrði, *hátískuheimurinn*, er á margan hátt frábrugðinn því sem flestir þekkja, en innan tískuheimsins er lagskipting þar sem tískukóngar – og tískudrottningar ráða ríkjum. Hátískan trónir efst með íburði sínu og glæsileika.

Það er eftirsótt staða að starfa í tískuhúsi sem tískuhönnuður. Fatnaður sem tilheyrir hátískunni er einstakur. Ekki eru gerðar fleiri en ein flík sem þýðir að tískuhönnuðurinn er í stöðugri leit að innblæstri í krefjandi umhverfi. Teikningar og skissur Helgu afhjúpa þann kraft sem hönnuðurinn þarf að búa yfir í starfi sínu í tískuheiminum.

Sýningaropnun er 6. febrúar, á Safnanótt.

Safnið er opið alla daga, nema mánudaga, frá kl. 12-17.

Verslunin Kraum á jarðhæð býður fjölbreytt úrval íslenskrar hönnunar og bókaútgáfur

Hönnunarsafnsins og tímarit um hönnun fást á góðu verði.

Verið velkomin!

**HÖNNUNARSAFN  
ÍSLANDS**  
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Garðatorg 1  
210 Garðabær • Iceland  
Tel. (354) 512 1525, 512 1526  
honnunarsafn@honnunarsafn.is  
www.honnunarsafn.is